

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Reykholt.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Reykholt. Við Tungurima 16A var gert ráð fyrir spennistöð á iðnaðarlóð en komið hefur í ljós að sú staðsetning er óhentug. Sú lóð verður því felld út og þess í stað verður bætt við 56 fm iðnaðarlóð fyrir allt að 15 fm spennistöð við Tungurima 11B.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 25. maí 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 9. júní 2023